



Reykjavík 13.02.2015

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Efni: Betri Reykjavík

E mail sem samskiptatæki milli borgar og íbúa!.

Umsögn

Góð hugmynd sem rædd hefur verið undanfarið. Kostir eru að þarna er hægt að nálgast þá íbúa sem vilja vera í samskiptum við okkur á skjótan hátt. Þetta getur þó aldrei verið nákvæmlega unnið þar sem snjómokstur er útreiknanlegur og oft þarf að bregðast hratt við. Oft tökum við ákvörðun með litlum fyrirvara að fara í ákveðnar götur og þá er erfitt fyrir okkur að senda slíka pósta frá okkur það fljótt og með það miklum fyrirvara að gagn er að. Við erum tilbúin að vinna þetta mál áfram með breyttu og betra vinnulagi okkar sem sjá um rekstur á borgarlandinu, enda eru það eru okkar hagsmunir að bílar séu ekki fyrir þegar við hreinsum húsagötur, hvort sem um er að ræða snjó eða almennan óþrifnað.

Guðjóna Björk Sigurðardóttir

Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins

Umhverfis- og skipulagssvið